



Til: Stjórnar SSH
Frá: Framkvæmdastjóra SSH
Dags: 11. janúar 2016

Málsnúmer: 1501012

Efni: Sameiginleg ferðþjónusta fyrir fatlað fólk; tillaga að stjórnsýslulegu fyrirkomulagi og nauðsynlegum aðgerðum

Fyrir liggur að ljúka umfjöllun og afgreiðslu á tillögu að stjórnsýslulegu fyrirkomulagi ferðþjónustu fyrir fatlað fólk í samræmi við samþykkt eigendafundar Strætó bs. frá 6. mars 2015, en þar segir:

“Á næstu mánuðum verður unnið að því á vettvangi SSH og í samráði við framkvæmdaráðið og stjórn Strætó bs. að huga að framtíðar stjórnsýslulegu fyrirkomulagi ferðþjónustu fyrir fatlað fólk. Stefnt verður að því að niðurstöður þeirra vinnu liggi fyrir tímanlega vegna mögulegra áhrifa þeirra tillaga á fjárhagsáætlunair sveitarfélaganna og Strætó bs. fyrir árið 2016.”

Fjallað var um málið á síðasta stjórnarfundum SSH hinn 7. desember sl. Afgreiðslu þess var þá frestað meðan beðið var lokaskýrslu framkvæmdaráðs ferðþjónustu fatlaðs fólks, og umsagna frá smráðshópi félagsmálastjóra og Strætó bs. um lokaskýrsluna og þá tillögu að málsmeðferð sem undirritaður kynnti á fundinum.

Í dag liggur eftirfarandi fyrir:

- Lokaskýrsla framkvæmdaráðs ferðþjónustu fatlaðs fólks frá 13. desember 2015
- Umsögn samráðshóps félagsmálastjóra frá 8. janúar 2016
- Umsögn stjórnar Strætó bs. frá 8. janúar 2016
- Tillaga framkvæmdastjóra SSH dagsett 8. janúar 2016

Rétt er að taka fram að kynning og umræður um viðfangsefnið á vettvangi samráðshóps félagsmálastjóra og stjórnar Strætó bs. hafa átt sér stað á fleiri en einum fundi hjá hvorum aðila. Undirritaður átti fund með stjórn Strætó bs í lok nóvembermánaðar og farið hefur verið yfir málið á 3 fundum samráðshóps félagsmálastjóra. Formaður framkvæmdaráðs ferðþjónustunnar fór sérstaklega yfir niðurstöður skýrslu framkvæmdaráðsins með báðum aðilum í kjölfar kynningar á síðasta stjórnarfundum SSH.

Í umsögnum samráðshóps félagsmálastjóranna og stjórnar Strætó bs. kemur ekkert fram sem raskar meginþáttum þeirrar tillögu sem kynnt var á stjórnarfundum SSH 7. desember sl. Þar koma hins vegar fram gagnlegar ábendingar og athugasemdir sem rétt er að horfa til. Í ljósi þess liggur nú fyrir endurbætt tillaga að stjórnsýslulegu fyrirkomulagi ferðþjónustu fyrir fatlað fólk og þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja örugga og farsæla innleiðingu á þeim þáttum sem þarf að styrkja til að verkefnið gangi sem best.

Tillagan fylgir hjálaga

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH